

Alþingi 132/2008
Erindi nr. P 28.4.2006.
komudagur



Alþingi
Hlín Lilja Sigfúsdóttir
101 Reykjavík

NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 28.04.2006
Tilv. 2005/0738 - 0.0.1
TA

Efni: Afstaða til umsagna ýmissa aðila um frv. til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn

Neytendastofa þakkar efnahags- og viðskiptanefnd það tækifæri að koma til fundar við nefndina vegna meðferðar hennar á frumvarpi til laga um mælingar, mælingar og löggilta vigtarmenn, sbr. 620. mál.

Í framhaldi af beiðni nefndarinnar er hér að finna athugasemdir Neytendastofu við þær umsagnir sem nefndinni hafa borist um framangreint mál.

Umsögn Samtaka atvinnulífsins:

Í umsögn samtakanna er bent á að þau telja að XI. kafli um réttarræði, viðurlög o.fl. sé þó “afar viðamikill og varla í samræmi við þá hagsmuni sem verið er að verja með lögum þessum”.

Neytendastofu telur mikilvægt að þau ákvæði þessa frumvarps um réttarræði, viðurlög o.fl. verði ekki takmarkaðri en sambærileg réttarræði sem Alþingi hefur falið stofnuninni í öðrum lögum sem henni er falið eftirlit með, sbr. t.d. lög um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins, nr. 57/2005. Neytendastofa er ný stofnun sem byggir á gömlum stjórnsýslugrunni og er einn liður í þeirri stefnumótun til framtíðar að stofnunin muni leggja aukna áherslu á forvarnar og fræðslustarf gagnvart fyrirtækjum og almenningi þannig að brotum á lögum sem henni eru falið eftirlit með fari fækkandi í framtíðinni. Þetta er einkum og sérilagi mikilsvert á sviði mælifræði enda eru innlendar og erlendar reglur á þessu sviði stundum flóknar. Í framtíðinni vonast því stofnunin til að ekki muni í raun koma oft til þess að þeim úrræðum eða viðurlögum verði beitt sem kveðið er á um í frumvarpinu en sem fyrr segir afar mikilvægt að slík úrræði séu fyrir hendi ef nauðsyn krefur og að jafnræði ríki að þessu leyti milli þeirra lagabálka sem henni er falið eftirlit með.

Umsögn Samorku:

Í umsögn Samorku segir að svo “virðist sem sama gjald eigi að gilda um allar gerðir mæla” samkvæmt frumvarpinu. Þessi athugasemd er alveg rétt því í frumvarpinu er lagt til að eitt og hið sama gjald gildi fyrir öll eftirlitsskyld mælitæki sem undir frumvarp þetta falla. Í umsögn Samorku er svo í framhaldi af framangreindri athugasemd tekið fram að þessi aðferð sé ekki

rétt þar sem að eftirlitskostnaður Neytendastofu kunni að vera mismunandi fyrir mismunandi mælitæki og af þeirri ástæðu eigi ekki að styðjast við eitt jafnt gjald fyrir öll mælitæki. Þessi athugasemd er á misskilningi byggð. Hér er ekki um að ræða þjónustugjald heldur er hér verið að marka sérstakan skatt sem á að standa undir þeim eftirlitskostnaði sem fylgir frumvarpinu á sviði mælifræði. Gjald þetta er aðeins 250 krónur á hvert eftirlitsskyld mælitæki. Framangreind skattlagning hefur verið undirbúin í nánu samráði við fjármálaráðuneytið sem hefur lagt áherslu á að skattlagning af því tagi sem hér um ræðir sé einföld og skýr og auk þess sé tekið sé tillit til þess að hún mismuni ekki skattgreiðendunum. Með því að leggja framangreint gjald á öll eftirlitsskyld mælitæki verður því tryggt að eigendur allra mælitækja taki þátt í greiðslu eftirlitskostnaðar sem fylgir viðkomandi mælitæki, þ.e. einnig þeir aðilar sem eiga mælitæki sem t.d. vegna úrtaksprófana sem framkvæmdar eru á hluta af mælisafni lenda ekki í úrtakinu. Þess má einnig geta að t.d. mælaleiga hjá eigendum t.d. orkumæla eru um 8000 þúsund krónur á ári og telur því Neytendastofa að gjald það sem hér um ræðir sé í raun ekki há fjárhæð til þess að tryggja þeim sem kaupa vörur eða þjónustu gegn mælingu með slíkum mælitækjum að lögbundið eftirlit sé framkvæmt í samræmi við þau lög og reglugerðir sem gilda á hverjum tíma.

Í umsögn Samorku er einnig vísað til þess að rafveitur greiði einnig gjald í hlutfalli við orkusölu og skal það standa undir rafmagnseftirliti hér á landi sem Neytendastofa hefur umsjón með lögum samkvæmt. Rétt er að Alþingi hefur einnig markað sérstakan skattstofn til að standa undir lögbundnu eftirliti með rafveitum hér á landi. Hér er um allt annars konar eftirlit að ræða en það sem fram fer á grundvelli þessa frumvarps um mælingar, mæligrunna og löggilta vigtarmenn. Rafmagn er hættuleg vörutegund og einnig þarf sérstakt eftirlit með öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka og einnig þarf stofnunin að sinna markaðseftirliti með rafföngum. Tekjur samkvæmt framangreindum markaða skattstofni renna til framangreinds eftirlits og mörkun skattstofns fyrir mælifræði mun tryggja að í framtíðinni verði einungis fjármunir sem eru innheimtir á þeim skattstofni sem hér er kveðið á um verða notaðir til þess að standa straum að mælifræðilegu eftirliti hér á landi.

Umsögn Frumherja h.f:

Í umsögn Frumherja h.f. er bent á það nýmæli frumvarpsins að unnt verði í framtíðinni að taka gæðakerfi gilt í stað löggildingar og eftirlitsgjalds skv. IX. kafla frumvarpsins. Jafnframt segir um þetta í umsögn Frumherja að ekki “verður séð af IX. Kafla að gert sé ráð fyrir að greitt sé eftirlitsgjald í tilvikum sem þessum”.

Í framhaldi af þessari athugasemd þá telur Neytendastofa að rétt sé kveða skýrar á um þetta atriði í 33. gr. frumvarpsins. Lagt er því til að orðlagi í 1. másl. 1. mgr. 33. gr. verði breytt og það orðist því þannig:

...” skal aðili sem annast framkvæmt eftirlits með mælitækjum í notkun, sbr. 17. gr. innheimta þegar eftirlit fer fram með löggildingu mælitækis eða öðrum hætti, sbr. 14. gr.”

Framangreind breyting er því til þess fallin að treysta grundvöll gjaldtöku þegar að stofnunin veita fyrirtækjum möguleika til þess að nota þessa aðferð við endurlöggildingu mælitækja enda eðlilegt og í samræmi við ákvæði frumvarpsins að gjald þetta sé greitt óháð því hvort löggilding fari fram þeim hefðbundna hætti sem nú þekkist eða hvort fyrirtæki kjósi að notfæra sér hið nýja og ugglaut hagkvæmara fyrirkomulag sem tillaga er gerð um í 14. gr. frumvarpsins.

Í umsögn Frumherja h.f. er einnig fjallað um fjárhæð eftirlitsgjalds þess sem lagt er til í frumvarpinu. Í því sambandi vill Neytendastofa vísa til þeirra athugasemda sem er að finna í

umfjöllun hennar hér að framan og svör við umsögn sem Samorka sendi efnahags- og viðskiptanefnd. Neytendastofa vill þó ítreka að hún telur að sú skattlagning sem hér er lögð til sé hófleg og má benda á að hún er aðeins um 3% af þeirri fjárhæð sem Frumherji h.f. krefur notendur um í leigugjald pr. mælitæki ár hvert samkvæmt ábendingu sem stofnunin hefur fengið um fjárhæð árlegs mælaleigugjalds fyrir þá mæla sem Frumherji h.f. er hér að vísa til.

Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu:

Í umsögn SVP er tekið fram að kostnaðurinn við eftirlit “skipti að sjálfsögðu máli eins og allur annar eftirlitskostnaður og þurfi að vera gegnsær og miðast við raunkostnað”. Neytendastofa tekur undir þetta sjónarmið og vill taka fram að tillaga um heildarfjárhæð þessa gjaldsstofns er unnin á grundvelli kostnaðargreiningar úr bókhaldi stofnunarinnar þar sem tekið hefur verið tillit til launkostnaðar, húsnæðiskostnaðar og annars almenns rekstrarkostnaðar þ.m.t. kostnaðar vegna viðhalds og lágmarksendurnýjunar á mæligrunnum sem stofnunni er falið að varðveita í þágu eftirlits á svið lögmaelifræði og einnig í þágu atvinnulífsins. Á grundvelli hinnar nýju tilskipunar ESB mun stofnunin einnig þurfa að taka að sér ný verkefni og skipuleggja að hér á landi verði framkvæmt markaðseftirlit með mælitækjum sem boðin eru fram til sölu hér á Íslandi í samræmi við skuldbindingar samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. Við framangreinda áætlun hefur einnig verið tekið tillit til þessa nýja verkefnis og árlegur kostnaður við það áætlaður vera um 4 – 5 milljónir króna árlega. Við framkvæmd þess mun stofnunin ekki ráða nýja starfsmenn heldur mun hún hér eftir sem hingað til stefna að því að fela þetta verkefni faggiltum skoðunarstofum sem einkaaðilar reka eins og gert hefur verið með góðum árangri til dæmis á sviði markaðseftirlits með rafföngum, o.fl.

Umsögn Fiskstofu:

Vegna ákvæðis um sérstakt hæfi vigtarmanna bendir Fiskstofa á sérstöðu hafnarvigtarmanna. Við samningu frumvarpsins var haft samráð við dr. Pál Hreinssonar prófessors einmitt vegna reglna um hæfi. Samkvæmt álit dr. Páls eiga hæfisreglur stjórnsýslulaga ekki við um löggilta vigtarmenn almennt. Hvort og hvenær krafist er að löggiltir vigtarmenn annist tiltekin störf er á forræði mismunandi stjórnvalda hverju sinni.

Kaflinn um löggilta vigtarmenn í þessum lögum á aðeins að tryggja að þessi færni og þetta hlutverk sé fyrir hendi og þess gætt að starf slíkra manna sé traustsins vert og þekkingu þeirra og réttindum haldið við með formlegum hætti.

Þegar settar verða nánari reglur um hæfi og annað í störfum vigtarmanna er eðlilegt að hafa náið samráð við Fiskistofu og við undirbúning þeirra reglna mun Neytendastofa ræða nánar og taka tillit til sjónarmiða Fiskistofu um að gerður verði greinarmunur á sérstöku hæfi hafnarvigtarmanna og almennra löggiltra vigtarmanna. Framangreind athugasemd Fiskistofu hefur því ekki áhrif á þann texta sem er að finna á ákvæðum þessa lagafrumvarps heldur reynir á þau þegar að settar verða nánari reglur á grundvelli þessa frumvarps.

Umsögn talsmanns neytenda:

Ábending talsmanns neytenda um að ekki hafi verið framfylgt ákvæði 5. gr. laga nr. 100/1992 um löggildingarskyldu er rétt.

Orðalag þessa ákvæðis er mjög afdráttarlaust þannig að það hefur valdið stofnuninni vanda að framfylgja því. Í þessu tilviki er um tæknilega erfiðleika að ræða og hefur stofnunin reynt að fylgjast með hvernig þessi mál eru leyst erlendis.

Það er því betra að leysa þessa skýru lagaskyldu af hólmi með sveigjanlegri ákvæðum eins og 13. og 14. gr. frumvarpsins eru þannig að ekki þurfi fortakslaust að beita gömlu aðferðinni að löggilda mælitæki, enda er hér ekki um að ræða áþreifanleg mælitæki heldur mörg samtengd tölvukerfi.

Það er von Neytendastofu að samstarf eins og talsmaður neytenda vísar til með fyrirhuguðum fundi með Póst- og fjarskiptastofnun verði gagnlegt og einnig samstarf Neytendastofu við símafyrirtækin sjálf sem er hagur í því að neytendur geti borið traust til þeirra með því að myndun kostaðar verði gagnsærri en verið hefur. Í júní mánuði árið 2005 áttu fulltrúar þá Löggildingarstofu, nú Neytendastofu fund með fulltrúum Póst – og fjarskiptastofnunar þar sem að vandamál þessi voru rædd á milli stofnanna. Eins og fram kemur í umsögn talsmanns neytenda þá er fyrirhugaður fundur allra þessara aðila til þess að fara nánar yfir með hvaða hætti sé unnt að skapa meira traust gagnvart mælingum sem liggja til grundvallar að reikningagerð á sviði fjarskipta.

Að lokum skal tekið fram að í umsögn Viðskiptaráðs er ekki að finna neina efnislega athugasemd við frumvarp þetta. Einnig er minnt á að með samráð var haft við Ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur og með bréfi dagsettum 17. febrúar 2006 til viðskiptaráðuneytisins gerði hún ekki frekari athugasemdir við þau drög að frumvarpi sem nú liggja fyrir Alþingi.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson
forstjóri